



Greinargerð um framkvæmd samnings við Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Starfsáætlun Þekkingarseturs Suðurnesja fyrir árið 2016 hefur staðist að öllu leyti það sem af er ári og starfið gengið vel. Hér á eftir verður fjallað um helstu þætti starfseminnar.

Rannsóknastarf

Rannsóknaverkefni Náttúrustofu Suðvesturlands og Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurnesjum sem áætluð voru á starfsárinu eru í fullum gangi og ganga samkvæmt áætlun. Verkefni Náttúrustofunnar fyrir HS Orku sem Rannsóknasetur HÍ og Þekkingarsetrið eru aðilar að lauk í maí. Við tók vinna við verkefni sem Rannsóknasetur HÍ vinnur að í samstarfi við Náttúrustofuna og Þekkingarsetrið sem snýr að uppbyggingu mengunarmiðstöðvar með áherslu á líffræðilega mælikvarða og rannsóknir og vöktun í eiturefnavistfræði. Eru vonir bundnar við að uppbygging slíkrar miðstöðvar geti stuðlað að aukinni nýtingu á rannsóknnaðstöðu Þekkingarsetursins sem hentar sérstaklega vel til rannsókna í eiturefnavistfræði. Verkefnið hlaut styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja á síðasta ári og fékk nýverið framhaldsstyrk úr sama sjóði að upphæð 2.000.000 kr. Þekkingarsetrið sótti nýlega um styrk í Samfélagssjóð Landsvirkjunar fyrir einum af verkþáttum þessa verkefnis og fékk úthlutað 250.000 kr. úr sjóðnum. Annað verkefni sem vinna hefst við undir lok sumars er gerð fuglaskoðunarkorts sem Þekkingarsetrið fékk tveggja milljóna króna styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja til að vinna í samstarfi við Náttúrustofu Suðvesturlands, Markaðsstofu Reykjaness og Reykjanes jarðvang. Markmiðið er að útbúa kort á íslensku og ensku sem bæði verður prentað og sett upp á vefsvæði þar sem hægt verður að leita eftir fuglategund, staðsetningu og árstíma.

Blautrými Þekkingarsetursins hafa verið vel nýtt það sem af er þessu ári. Rannsókn sem snýr að tilraunum til uppbyggingar eldis á evrópska humrinum hér á landi hefur nýtt minna blautrýmið síðustu ár og er sú rannsókn enn yfirstandandi. Rannsóknin er unnin af einkaaðilum með aðkomu Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum og Þekkingarsetursins. Stærra blautrýmið hefur síðan í lok síðasta árs verið nýtt af fiskeldi til ræktunar hrognkelsa. Byggðu þeir upp viðbótaraðstöðu á lager Þekkingarsetursins sem á vafalaust eftir að koma sér vel við komandi rannsóknir í Þekkingarsetrinu. Vinnan mun standa yfir út ágústmánuð hið minnsta.

Vonast er til að Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum nýti blautrými Þekkingarsetursins á seinni hluta árs og því næsta.

Fyrir nokkrum árum byggði doktorsneminn Hrönn Egilsdóttir upp aðstöðu í Þekkingarsetrinu til rannsókna á áhrifum af súrnun sjávar á lífríki hafsins með styrk úr Samfélagssjóði Rio Tinto Alcan og framlagi frá Sandgerðisbæ. Nú er komið að áframhaldi þeirra rannsókna og fékkst nýverið ein og hálf milljón króna í styrk úr Frumkvöðlasjóði Íslandsbanka til frekari uppbyggingar tilraunaaðstöðunnar. Með aðstöðunni verður mögulegt að rannsaka samverkandi áhrif fleiri umhverfispáttá (til dæmis hita og CO₂) á ýmsar sjávarlífverur, allt frá lirfum hryggleysingja til fiska. Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum og Náttúrustofa Suðvesturlands eru samstarfsaðilar Hrannar í verkefninu og verður Þekkingarsetur Suðurnesja skráður eigandi búnaðarins sem settur verður upp í tilraunaaðstöðunni. Erlendum vísindamönnum mun standa til boða að leigja aðstöðuna líkt og aðra rannsóknaaðstöðu Þekkingarsetursins.

Tveir erlendir vísindamenn hafa dvalið í Þekkingarsetrinu við rannsóknir það sem af er ári og von er á að minnsta kosti tveimur til viðbótar í sumar. Þá gisti hópur erlendra framhaldsskólanemenda í setrinu í eina nótt og fékk kynningu á rannsóknastarfinu sem þar fer fram.

Háskólanám og samþætting þekkingarstarfs

Alls vinna sex meistara- og doktorsnemar að rannsóknum sínum í Þekkingarsetrinu á þessu ári auk þriggja nemenda sem vinna að BS verkefnum. Hermann Dreki Guls meistaranemi við Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum, kynnti verkefni sitt á ársfundi setursins sem haldinn var 27. apríl síðastliðinn. Verkefni hans er á sviði eiturefnavistfræði og gengur út á að kanna viðbrögð grjótkrabba, bogkrabba og trjónukrabba við mengun þrávirkra, lífrænna, mengandi efna. Þá komu líffræðinemendur úr HÍ í vel heppnaða vísindaferð í Þekkingarsetrið í byrjun árs.

Þekkingarsetrið tók síðasta haust að sér verkefni fyrir Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) sem er hluti af Sóknaráætlun Suðurnesja 2015-2019. Verkefnið kallast Úrbætur í menntamálum og byggir á tillögum sem unnar voru af stýrihópi á vegum SSS og kynntar í samantektarskýslu sem kom út sumarið 2014. Ákveðið var að koma fjórum af þeim tillögum sem settar voru fram í skýrslunni í framkvæmd á næstu þremur árum og hefur mikil vinna farið í kynningarstarf á síðustu mánuðum. Fela þær meðal annars í sér aðgerðir til að draga úr brotthvarfi nemenda, náms- og starfsgreinakynningar fyrir nemendur og aukið samstarf skóla og atvinnulífs. Forstöðumaður Þekkingarsetursins heldur utan um verkefnið og hefur undanfarið kynnt það fyrir fræðslustjórum og fulltrúum fræðslunefnda sveitarfélaganna, stjórnendum grunn- og framhaldsskóla á svæðinu, félagsþjónustum sveitarfélaganna, fulltrúum stærstu fyrirtækjanna á svæðinu og Atvinnuþróunarfélaginu. Vinnan hefur gengið vel og eru hagsmunaaðilar mjög jákvæðir í garð verkefnisins. Framkvæmd einstakra verkþátta verður í höndum sveitarfélaga, fræðsluskrifstofa, skóla og atvinnulífs en Þekkingarsetrið mun sjá um framkvæmd starfsgreinakynningarinnar sem stefnt er á að halda í október.

Símenntun og samstarf við menntastofnanir og fyrirtæki

Tvö símenntunarnámskeið voru í boði á vorönn 2016 í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, annars vegar námskeið í tálgun fyrir byrjendur og hins vegar námskeiðið Íslenskar lækningajurtir. Tálgunarnámskeiðið féll því miður niður vegna dræmrar þátttöku en hitt námskeiðið var vel sótt og tókst vel.

Þekkingarsetrið sótti um styrk í Uppbyggingarsjóð Suðurnesja til reksturs sýninga yfir sumartímann og fékk 500.000 kr. sem eiga eftir að nýtast vel.

Þekkingarsetrið tók þátt í Safnahelgi á Suðurnesjum sem var haldin 12. – 13. mars með helgaropnun og ókeypis aðgangi að sýningum. Setrið var vel sótt þessa daga en tæplega 300 manns komu í heimsókn.

Fjöldi nemenda af öllum skólastigum hefur komið í heimsókn það sem af er ári og hafa grunnskólar verið fjölmennastir í þeim hópi eða yfir 20 skólar af Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu. Nokkrir leikskólar hafa verið í hópi gesta á þessum fyrstu mánuðum ársins auk nemenda frá Fjölbrautaskólanum við Ármúla og nemendahópa frá Bandaríkjunum og Bretlandi. Fulltrúar breskrar ferðaskrifstofu sem skipuleggur námsferðir fyrir framhaldsskólanemendur hingað til lands komu nýverið í heimsókn í Þekkingarsetrið ásamt tveimur breskum náttúrufræðikennurum til að kynna sér starfsemi setursins og kanna möguleika á heimsóknum þangað. Þeir voru mjög ánægðir með það sem í boði er og vonir standa til að hópar á þeirra vegum eigi eftir að koma í heimsókn og vinna verkefni hjá okkur í tengslum við náttúrufræði á næstu árum.

Þekkingarsetur Suðurnesja veitti einum útskriftarnemanda við Fjölbrautaskóla Suðurnesja og öðrum við Grunnskólann í Sandgerði viðurkenningar fyrir góðan árangur í náttúrufræðigreinum við lok vorannar 2016.

Samstarf við Fjölbrautaskóla Suðurnesja, GeoCamp og Keili hefur verið talsvert vegna heimsókna nemendahópa og annarra verkefna eins og Tækni- og vísindasmiðju Keilis sem er sumarnámskeið fyrir unglunga.

Ráðstöfun fjárframlags

Ráðstöfun fjárframlags hefur að mestu verið eins og gert hafði verið ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins 2016 og má sjá yfirlit yfir tekjur og gjöld á fyrstu fimm mánuðum ársins 2016, í samanburði við rekstraráætlun, á næstu blaðsíðu.

Staða bókhalds Þekkingarseturs Suðurnesja 31. maí 2016:

| | Áætluð gjöld 2016 | Áætlaðar tekjur 2016 | Gjöld 1.1. – 31.5. | Tekjur 1.1. – 31.5. |
|----------------------------------|--------------------------|-----------------------------|---------------------------|----------------------------|
| Fjármagn frá Menntamálaráðuneyti | | 16.700.000 | | 6.955.000 |
| Fjármagn frá Sandgerðisbæ | | 5.500.000 | | 6.048.875 |
| Tekjur vegna útseldra verkefna | | 4.200.000 | | 842.520 |
| Leigutekjur vegna húsnæðis | | 3.600.000 | | 1.500.000 |
| Tekjur vegna leigu á aðstöðu | | 1.950.000 | | 2.178.000 |
| Tekjur vegna aðgangseyris | | 850.000 | | 168.900 |
| Styrkir | | 2.000.000 | | 750.000 |
| Starfsmannasjóður og innvextir | | 50.000 | | 1.436 |
| Laun og launatengd gjöld | 20.540.000 | | 8.286.242 | |
| Rekstur húsnæðis | 9.459.000 | | 3.183.170 | |
| Rekstur skrifstofu | 3.225.400 | | 1.506.977 | |
| Samtals | 33.224.400 kr. | 34.850.000 kr. | 12.976.389 | 18.444.731 |